



Reykjavík 26. febrúar 2021

Niðurstaða athugunar á eiginfjárskýrslu Arion banka hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í mars 2020 athugun á eiginfjárskýrslu Arion banka hf. Niðurstaða lá fyrir í desember 2020. Athugunin var hluti af þemaathugun Fjármálaeftirlitsins hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verklag bankans við framsetningu á tilteknum þáttum í eiginfjárskýrslu bankans væri í samræmi við kröfur í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og reglugerð nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR).

Athugunin var framkvæmd með þeim hætti að valin voru úrtök úr afmörkuðum hluta eiginfjárskýrslu bankans m.v. 31. desember 2019 og kannað sérstaklega hvort bankinn uppfyllti eftirfarandi kröfur og hvort verklag bankans staðfesti að bankinn starfaði í samræmi við þær:

1. Ákvæði 24. gr. reglugerðar nr. 233/2017 við flokkun lána einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja í 75% áhættuvog.
2. Ákvæði 25. gr. reglugerðar nr. 233/2017 þegar lán tryggð að fullu með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði á Íslandi eru flokkuð í 35% áhættuvog.
3. Ákvæði 25. gr. reglugerðar nr. 233/2017 þegar lán tryggð að fullu með veði í viðskiptahúsnæði á Íslandi eru flokkuð í 50% áhættuvog.
4. Ákvæði 40. gr. reglugerðar nr. 233/2017 að nota megi frádrátt vegna öruggra eignaliða við útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindinga fyrirtækja.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að skjalfest aðferðafræði bankans varðandi flokkun lána í áhættuvogir væri ekki að fullu í samræmi við framangreindar kröfur í lögum nr. 161/2002 og reglugerð nr. 233/2017, sbr. CRR.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að skjalfesting á verklagi og framkvæmd við flokkun lána væri ekki fullnægjandi; að mat á hæfi fjárhagslegra trygginga og eftirlit með að veðsettar fasteignir væru váttryggðar með fullnægjandi hætti væri ábótavant og að kerfi sem reiknaði áhættugrunn bankans tæki ekki tillit til áhrifa fyrri veðréttta í ákveðnum tilvikum.